



Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar

Leikskólanámskeið

3. útg. 2022

28. mars 2023

Leikskólanámskeiðið er sérstaklega ætlað starfsfólki í leikskólum. Innihaldið er hliðstætt foreldranámskeiðinu *Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar* en hefur verið aðlagð með þarfir leikskóla í huga. Markmið námskeiðsins eru að kynna árangursríkar uppeldisaðferðir fyrir leikskólastarfsfólki, að kynna innihald og áherslur foreldranámskeiðsins og að stuðla að samræmingu og samfelli í uppeldisaðferðum á leikskólanum.

Í öllu efni Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar er rík áhersla lögð á notkun jákvæðra aðferða í uppeldi, á gildi fyrirmynda, samskipti og tengslamyndun, markvissa kennslu æskilegrar hegðunar og nauðsyn fyrirhyggju, skipulagningar og samkvæmni uppalenda. Í nýlegri endurskoðun og uppfærslu voru gerðar breytingar og viðbætur við foreldra- og leikskólanámskeiðið til samræmis við áherslur og þarfir í samtímanum.

Hagnýtar upplýsingar um námskeiðið

- **Þátttakendur:** Fagfólk sem hefur setið Leiðbeinenda- og ráðgjafarnámskeiðið Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar og öðlast réttindi sem leiðbeinendur.
- **Tímasetning:** Þriðjudagur 28. mars 2023, kl. 9:00 – 12:00.
- **Staður:** Námskeiðið er kennt á Zoom.
- **Þáttökugjald:** Námskeiðið kostar kr. 8.000 og eru ný námskeiðsgögn innifalin.
- **Skráning:** Skráning er á uppeldi@uppeldisemvirkar.is og eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram: Nöfn þátttakenda, starfsheiti, vinnustaður, netfang og kennitala greiðanda.
- **Leiðbeinandi:** Lone Jensen uppeldisráðgjafi.